

## Sextándi fundur stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja Fundargerð

Fundur haldinn miðvikudaginn 18. nóvember 2015 kl. 15:30 að Garðvegi 1, Sandgerði.

### Viðstaddir:

Björk Guðjónsdóttir, fulltrúi Náttúrustofu Suðvesturlands  
Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja  
Jóna Rut Jónsdóttir, fulltrúi SSS  
Ólafur Þór Ólafsson, stjórnarformaður  
Sverrir Guðmundsson, fulltrúi Keilis

Stjórnarformaður setti fundinn. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt og undirrituð.

### Dagskrá fundarins:

#### 1. Síðustu fundir og upptakomur

Forstöðumaður sagði frá árlegum fundi með fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytisins, ferð sinni og forstöðumanns Náttúrustofu Suðvesturlands á ársfund Interact sem haldinn var í Varsjá í Póllandi 2.- 5. nóvember, samráðsfundi um sýninguna Heimskautin heilla og kynningarfundi á verkefninu Úrbætur í menntamálum – Sóknaráætlun Suðurnesja 2015-2019 sem setrið stýrir fyrir Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum.

#### 2. Rekstraráætlun ársins 2016

Forstöðumaður kynnti drög að rekstraráætlun næsta árs sem stjórn samþykkti einróma.

Ákveðið var að skoða rafmagns- og heitavatns notkun á Garðveginum fljótlega þar sem árlegur kostnaður vegna þessa er talsvert mikill.

Rætt var um árgjald Þekkingarsetursins að Reykjanes jarðvangi en það hækkaði um 50% á milli ára og verður 300.000 kr. árið 2016. Stjórn telur þetta mikla hækkun og vonast til þess að um slíkar hækkningar verði ekki að ræða framvegis fyrir aðila jarðvangsins.

Rætt var um váttryggingamál setursins og þá sérstaklega lausafjártryggingu sýningarmuna sem stjórn taldi rétt að Sandgerðisbær greiddi þar sem sýningarnar á efri hæð hússins eru í eigu bæjarins. Forstöðumaður verður í sambandi við bæjaryfirvöld vegna þessa.

### 3. Starfsmannamál

Stjórn samþykkti að fastráða Sölva Rúnar Vignisson en hann hefur starfað sem líffræðingur hjá Þekkingarsetrinu síðan í janúar 2013.

Forstöðumaður kynnti tillögu að fyrirkomulagi fæðingarorlofs sem hún mun hefja í byrjun maí á næsta ári. Stjórn samþykkti fyrirkomulagið með þeim fyrirvara að aðstæður leyfi.

### 4. Verkaskipting stjórnar

Frestað fram að næsta fundi.

### 5. Önnur mál

Engin önnur mál.

Ákveðið var að næsti fundur yrði miðvikudaginn 17. febrúar kl. 14:30. Fundi var slitið kl. 17:00.

Hanna María Kristjánsdóttir tók saman fundargerð.

---

Björk Guðjónsdóttir - SIGN

---

Jóna Rut Jónsdóttir - SIGN

---

Ólafur Þór Ólafsson - SIGN

---

Sverrir Guðmundsson - SIGN

---

Hanna María Kristjánsdóttir - SIGN